

Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga

Skýrsla og tillögur nefndar



Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga

Skýrsla og tillögur nefndar



Umhverfisráðuneytið
Mars 2007

Efnisyfirlit

I Inngangur	5
II Samantekt á tillögum nefndarinnar	6
III Birkiskógar	7
Skilgreining á hugtakinu „birkiskógur“	7
Útbreiðsla birkis í Norður-Evrópu	7
Vistþjónusta birkiskóga	8
Erfðalindir íslenska birkisins	8
Birkiskógar á Íslandi fyrr og nú	8
Úttektir á útbreiðslu og ástandi birkiskóga á Íslandi	9
IV Helstu ógnir sem steðja að íslenskum birkiskógum	11
Röskun og varanleg eyðing birkiskóga	11
Mannvirkjagerð	11
Ræktun	11
Búfjárbætur	12
Loftslagsbreytingar	12
V Tillögur ásamt greinargerð	13
Endurheimt birkiskóga	13
Vernd íslenskra birkiskóga	14
Leiðbeiningar vegna athafna sem hafa áhrif á birkiskóga	15
Rannsóknir	15
Lög og opinber stefnumótun	16
Félög og félagasamtök	17
VI Fylgiskjal I	18



I Inngangur

Hinn 15. júní 2006 skipaði umhverfisráðherra nefnd sem samkvæmt skipunarbréfi var falið það verk-efni að móta tillögur um eftirfarandi þætti:

- Að kortleggja ógnir sem steðja að íslenskum birkiskógum.
- Að móta tillögur um hvernig megi efla vernd og endurheimt birkiskóga á Íslandi.
- Að gera tillögur að leiðbeiningum vegna athafna sem hafa áhrif á birkiskóga.

Samkvæmt skipunarbréfinu er ætlunin að tillögurnar verði m.a. notaðar við stefnumörkun um líf-fræðilega fjölbreytni, sem unnið er að á vegum umhverfisráðuneytisins í samstarfi við fleiri ráðuneyti, og við gerð næstu náttúruverndaráætlunar. Nefndin hefur í starfi sínu haft þetta að leiðarljósi og leggur áherslu á að þær tillögur sem settar eru fram í skýrslu þessari nýtist einnig í því starfi.

Í nefndina voru skipaðir fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Skógræktarfélagi Íslands.

Nefndin var þannig skipuð:

Frá landbúnaðarráðuneyti:

Dr. Ása L. Aradóttir, vistfræðingur, Landbúnaðarháskóla Íslands
Dr. Bjarni Diðrik Sigurðsson, skógvistfræðingur, Landbúnaðarháskóla Íslands
Dr. Þróstur Eysteinnsson, skógfræðingur, Skógrækt ríkisins

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Skúli Björnsson framkvæmdastjóri

Frá Skógræktarfélagi Íslands:

Jón Geir Pétursson, skógfræðingur

Frá umhverfisráðuneyti:

Dr. Borgþór Magnússon, plöntuvistfræðingur, Náttúrufræðistofnun Íslands
Trausti Baldursson, fagsviðsstjóri, Umhverfisstofnun
Danfríður Skarphéðinsdóttir, sérfræðingur í umhverfisráðuneyti, formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt fimm fundi þar sem fjallað var um ástand og þróun birkiskóga í landinu fyrr á öldum og nú og hvernig stuðla má að því að vernda þá og endurheimta.



II Samantekt á tillögum nefndarinnar

Í skýrslu þessari eru lagðar fram tillögur nefndarinnar um stefnu Íslands varðandi birkiskóga. Tillögurnar taka til eftirfarandi atriða:

1. endurheimtar birkiskóga á skóglausu landi,
2. verndar einstakra birkiskóga,
3. leiðbeininga, fræðslu og rannsókna og
4. laga og stefnumótunar.

Greinargerð um hverja einstaka tillögu fylgir síðar í skýrslunni.

Nefndin varð sammála um eftirfarandi tillögur:

Endurheimt birkiskóga

- Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði.
- Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á fjölbreytni.
- Beitarstýring verði aukin og taki mið af endurheimt og vernd birkiskóga.
- Birki verði gróðursett í auknum mæli á skógræktarsvæðum þar sem áhersla hefur verið lögð á innfluttar tegundir, t.d. í skógarjaðra til viðarframleiðslu og annarra nytja.

Vernd birkiskóga

- Unnið verði áfram að friðun birkiskóga í samræmi við verndartillögur í Náttúruverndaráætlun 2004–2008. Jafnframt verði unnið að vernd/friðlýsingu þeirra birkiskóga sem upp eru taldir á fylgiskjali 1 (bls 18).
- 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd verði beitt meira í því skyni að vernda og efla birkiskóga.

Leiðbeiningar og fræðsla

- Gefnar verði út leiðbeiningar um hvernig forðast má eða draga úr röskun birkiskóga í tengslum við framkvæmdir.
- Fræðsla um gildi birkiskóga og leiðir til að endurheimta þá verði eflað meðal almennings í því skyni að auka þekkingu á gildi birkiskóga og mikilvægi þess að forðast að raska þeim eða eyða.
- Rannsóknir á íslenskum birkiskógum verði eflaðar.

Lög og opinber stefnumótun

- Sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins.
- Landsáætlun um skógrækt verði nýtt til að stuðla að vernd og endurheimt birkiskóga.
- Sveitarfélög og opinberar stofnanir setji sér markmið um endurheimt/ræktun birkiskóga.
- Sett verði markmið um hlutfall birkiskóga í landsblutabundnum verkefnum í skógrækt.
- Lög um skógrækt nr. 3/1955 verði endurskoðuð í heild sinni ekki síst með tilliti til verndar og endurheimtar birkiskóga.
- Styrkjakerfi til skógræktar feli í sér hvata til að endurheimta birkiskóg.
- Tryggja þarf aðgengi að landfræðilegum gögnum í eigu opinberra aðila um birkiskóga þannig að auðvelt sé að nýta þau við skipulag landnýtingar.
- Ákvæði um landsskipulag og landskipulagsstefna í fyrirliggjandi frumvarpi til skipulagslaga verði nýtt til að vinna að vernd íslenskra birkiskóga ef frumvarpið verður lögfest.

Félög og félagasamtök

- Landgræðsluskógaverkefnið setji sér skýr markmið um aukna endurheimt birkiskóga.
- Félög og félagasamtök sem stunda skógrækt og náttúruvernd leggi í starfi sínu aukna áherslu á að vernda og endurheimta birki.

Auk ofangreindra tillagna fór fram umræða í nefndinni um að bæta inn ákvæði um sérstaka vernd birkiskóga í 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þar sem ekki var einhugur í nefndinni um málið var ákveðið að leggja slíka tillögu ekki fram.

III Birkiskógar

Skilgreining á hugtakinu „birkiskógur“.

Ekki er til opinber íslensk skilgreining á því hvað telst vera birkiskógur. Nefndin er sammála um að skilgreina birkiskóg á eftirfarandi hátt í þessari skýrslu:

„Birkiskógur er land þar sem birki er ríkjandi plöntutegund í gróðurfari óháð hæð, krónuþekju og stærð svæðis.“



Útbreiðsla birkis í Norður-Evrópu

Birkiskógar og kjarr þar sem ríkjandi trjátegund er ilmbjörk af þeirri undirtegund sem í Skandinavíu kallast fjallabirki (*Betula pubescens* Ehrh. ssp. *czerepanovii* Orlova) er að finna frá Suðvestur-Grænlandi í vestri og austur fyrir Hvítahaf í norðanverðu Rússlandi. Þeir ná suður með fjöllum Noregs og litlar leifar finnast á Orkneyjum, Suðureyjum og í hálöndum Skotlands. Í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Norðvestur-Rússlandi mynda birkiskógar belti milli barrskóga og skóglausrar túndru.

Birkiskógar hafa reynst lífsseigir í fjöllum og á heimskautasvæðum Skandinavíu og hafa haldið þar velli þrátt fyrir mikla hreindýrabeit og aðra nýtingu. Á Atlantshafseyjunum hafa birkiskógar hins vegar farið halloka eftir landnám manna. Í Færeyjum og á Hjaltlandi var þeim algerlega útrýmt. Á öðrum eylöndum á svæðinu eru aðeins örlitlar leifar eftir, þær mestu á Íslandi.

Í norðlægum birkiskógum eru fáeinar aðrar trjátegundir á stangli, einkum reyniviður og sums staðar blæösp, heggur, selja, víðja, gulvíðir og jafnvel loðvíðir þar sem birkið er mjög lágvaxið. Á Íslandi eru það einungis reyniviður, blæösp, gulvíðir og loðvíðir sem vaxa með birkinu. Algengt er að runnalag af eini og lyngtegundum sé í botni birkiskóga. Í frjósömum jarðvegi eru byrkningar, grös og ýmsar tvíkímblaða jurtir ríkjandi í skógarbotninum en fléttur og mosar á rýrari svæðum. Á meginlandi eru skógararnir talsvert ríkari af tegundum en á eyjunum bæði hvað varðar plöntur og dýr.

Ilmbjörk er ljóselsk trjátegund og framleiðir létt, vængjuð fræ sem dreifast víða. Tegundin á auðveldara með að nema land á gróðurlitlum svæðum en á þétt grónu landi. Fræið er fremur skammlíft og myndar ekki langlífán fræforða í jarðvegi. Birki getur endurnýjað sig með teinungi eftir að stofn

brotnar eða er höggvinn en síður ef tréð drepst úr elli. Birkiskógar eru háðir hæfilegu raski til að þeir geti endurnýjað sig. Helstu náttúrulegu raskþættir eru snjóbrott, snjóflóð, skriðuföll og faraldrar fiðrildalirfa. Á Íslandi bætast hamfaraflóð og öskufall við. Mikið og langvarandi rask, s.s. vegna ofbeitar eða of tíðs skógarhöggis eða hrisrifs, getur orðið til þess að skógarnir hverfi með öllu.



Vistþjónusta birkiskóga

Birkiskógar veita margvíslega vistþjónustu, svo sem við miðlun vatns og næringarefna. Birkiskógar í vexti binda kolefni úr andrúmslofti. Þar sem skógar breiðast út um skóglaut land með rýrum jarðvegi getur heildarbinding kolefnis orðið bæði mikil og langvarandi ekki síst í jarðvegi. Birkiskógar geta dregið úr áföllum vegna náttúruhamfara, t.d. með því að binda eldfjallagjósku þannig að hún nái ekki að fjúka og valda skaða á gróðri, jarðvegi og mannvirkjum. Þá verja birkiskógar jarðveg fyrir rofi af völdum vatns, vinda og skriðuhlaupa enda varð hin mikla jarðvegseyðing, sem átt hefur sér stað hér á landi, í mörgum tilvikum í kjölfar eyðingar skóga og kjarrendis. Endurheimt birkiskóga hefur í för með sér endurreisn líffræðilegrar fjölbreytni og vistþjónustu skóganna, svo sem vatnsmiðlunar, frjósemi og kolefnisbindingar.

Erfðalindir íslenska birkisins

Þegar fjallað er um erfðalindir er annars vegar átt við þá erfðafræðilegu fjölbreytni sem er að finna í tilteknum lífveruhópi, t.d. tegund eða stofni, einkum með tilliti til aðlögunar. Hins vegar er átt við at-riði sem tengjast nýtingu mannsins á viðkomandi lífveruhópi, svo sem við úrval og kynbætur.

Alllöng reynsla og nokkur vísindaleg þekking er til staðar um erfðafjölbreytni íslenska birkisins, bæði úr hefðbundnum erfðafræðirannsóknnum (kvæma- og afkvæmatilraunum) og sameindaerfðafræðirannsóknnum. Niðurstöður rannsókna sýna að erfðabreytileiki er mikill bæði innan og milli kvæma. Einnig virðist vera munur milli landshluta bæði hvað varðar aðlögun og aðra erfðafræðilega eiginleika. Íslenskt birki virðist yfirleitt hafa víða aðlögun. Víðtæk reynsla er af því að birki frá Bæjarstaðaskógi sé vel aðlagð til að vaxa á láglandi um land allt. Nýlegar kvæmatilraunir benda til að þetta eigi við um birki víðar af Suðausturlandi. Besta leiðin til að vernda erfðalindir íslenska birkisins er að auka útbreiðslu þess, bæði með því að skapa skilyrði til náttúrulegrar endurnýjunar og með því að gróðursetja birki.

Birkiskógar á Íslandi fyrr og nú

Fyrir landnám var birkiskógur ríkjandi vistkerfi þjórlandis á láglandi Íslands. Eftir landnám var farið að líta á birkiskóga sem auðlind. Þetta birtist m.a. í ákvæðum um vernd og nýtingu skóga í fyrstu laga-söfnum Íslendinga, Jónsbók og Grágás. Landnámsmenn fóru strax að eyða skógunum. Að hluta til voru skógar sviðnir í því skyni að skapa beitiland. Einnig eyddust þeir vegna þess að menn höfðu hvorki þekkingu né getu til að halda þeim við. Í aldanna rás hefur nýting birkiskóga hér á landi sjaldnast verið sjálfbær.

Lýsingar frá 18. öld benda til þess að skógar hafi einkum verið nýttir til kolagerðar og hrisrif til eldiviðar auk þess sem búpeningi var beitt á skóga að vetrarlagi. Viðarkol voru sérstaklega mikilvæg til að smíða og dengja ljái en án þeirra varð ekki heyjað, búpeningur svalt og síðan fólk. Árið 1755 var gefin út tilskipun um að skógarleifar skyldu verndaðar en ekki verður séð að hún hafi dugað enda var þjóðin háð nýtingu skóganna.

Seint á 19. öld hafði hagur þjóðarinnar vænkast og innflutningur aukist þannig að íbúar landsins urðu síður háðir afurðum þeirra birkiskógaleifa sem enn voru eftir. Um svipað leyti hófst uppbygging þéttbýlis víða um land. Hús voru illa einangruð og þannig skapaðist markaður fyrir eldivið. Skógarleifarnar urðu þá tekjulind fyrir eigendur sína og því jókst skógarhögg aftur á fyrri hluta 20. aldar. Í fyrstu skóg-ræktarlögum frá 1907 er sú stefna mörkuð: „...að friða og bæta skóga og þær skógarleifar sem enn

eru hjer á landi... ." Á grundvelli laganna voru nokkur skóglendi friðuð en ekki verður séð að þetta ákvæði skógræktarlaga hafi haft mikil áhrif á meðferð skóga almennt.

Árið 1928 var ástandið talið svo alvarlegt að gefin var út reglugerð um hvernig skyldi fella skóg með grisjun en rjóðurfelling (eyðing skóga) var bönnuð. Ekki er ljóst hvaða áhrif reglugerðin hafði en skógarhögg til húshitunar hélt áfram fram yfir 1940. Líklega hefur skógarþekja Íslands náð sögulegu lágmarki um það leyti. Með aukinni túnrækt og vetrarfóðrun sauðfjár um miðja 20. öld dró úr vetrarþétt en á móti fjölgaði sauðfé mjög mikið og þar með beitarálag að sumri. Sauðfé fækkaði aftur milli 1975 og 1990.



Í flestum birkiskógum landsins eru trén á svipuðum aldri og óvíða eldri en 60–80 ára. Birkiskógarnir eru yfirleitt þéttir og fátt er um feyskin tré. Þetta er til marks um að þeir hafi flestir vaxið upp í kjölfar skógarhöggs á öndverðri 20. öld og/eða eftir að vetrarþétt var hætt. Nú á dögum er birkiskógum einkum eytt eða raskað vegna mannvirkjagerðar og er sú eyðing/röskun mjög takmörkuð samanborið við það sem áður hefur gengið yfir skóga landsins. Því hefur verið minna álag á birkiskóga á Íslandi sl. þrjá áratugi en í margar aldir þar á undan. Stefna stjórnvalda varðandi vernd birkiskóga á sér ekki mjög langa sögu eða einungis um 250 ár samanborið við samfellda nýtingu þeirra í 1100 ár. Þrátt fyrir laga-setningu og stefnu stjórnvalda síðustu 100 ár hefur ekki tekist að stöðva eyðingu birkiskóganna. Þar hafa þjóðfélagshættir ráðið meiru um en opinber stefna og svo er enn.

Sjálfbær nýting skóga felur meira í sér en að viðhalda flatarmáli skógarþekju. Taka þarf tillit til þátta á borð við líffræðilega fjölbreytni, framleiðni og heilbrigði skóga, hlutverks þeirra við vernd jarðvegs og aðra vistþjónustu, svo sem vatnsmiðlun og kolefnisbindingu og síðast en ekki síst þeirra menningarverðmæta sem eru fólgin í íslenskum birkiskógum. Birkiskógar landsins eru meðal fjölsóttustu útivistarsvæða landsins og hafa um aldir veitt mönnum upplyftingu og innblástur.

Sumir birkiskógar hafa af ýmsum ástæðum sérstakt gildi og þá ber að vernda. Aðra birkiskóga ber að nýta á sjálfbæran hátt þannig að þeir hvorki rýrni varanlega að umfangi né gæðum. Á Íslandi er þó ekki nóg að viðhalda því broti af upphaflegu birkiskógunum sem eftir stendur eftir aldalangan ágang manna og búsmala. Eigi nýting birkiskóga hér að teljast sjálfbær þarf einnig að endurheimta stóran hluta þess sem hefur glatast.

Á undanförunum árum hafa umsvif og framkvæmdir í birkiskóglendum víða um land farið vaxandi. Birkigróin lönd eru eftirsóknarverð fyrir frístundabyggð og hafa orðið æ verðmætari fyrir landeigendur, ekki síst bændur sem vilja breyta búskaparáttum sínum.

Úttektir á útbreiðslu og ástandi birkiskóga á Íslandi


Tvær landsúttektir hafa verði gerðar á útbreiðslu og ástandi birkiskóga landsins. Sú fyrri fór fram á árunum 1972–1975 en sú síðari á árunum 1987–1991 á vegum Skógræktar ríkisins. Árið 2005 hófst síðan þriðja landsúttektin á birkiskógum hjá Skógrækt ríkisins og er áætlað að henni ljúki árið 2008. Þegar niðurstöður hennar liggja fyrir munu breytingar á útbreiðslu birkis síðustu 15 árin koma fram.

Í tengslum við þriðju úttekt Skógræktar ríkisins hefur verið lögð talsverð vinna í að leiðrétta og endurvinnna upplýsingar um birkiþekju landsins frá því um 1990, voru þær m.a. notaðar á gróðurkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Um 1990 var þekja birkiskóga og kjarrs um 1200 km². Síðan þá hefur mikið verið gróðursett og birki hefur numið land á nýjum svæðum þó eflaust hafi einhver eyðing átt sér stað.

Skógrækt ríkisins hefur kortlagt útbreiðslu birkiskóga og birkikjarrs á landinu. Þau gögn eru á staf-rænu formi og það gerir samkeyrslu við önnur landfræðileg gögn mögulega. Slíkur samanburður var unninn fyrir nefndina (1. tafla og 1. mynd). Alls eru um 17 % af birkiskógum landsins á friðlýstum svæðum Umhverfisstofnunar eða á landi í umsjón Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Þingvallanefndar.

Umsjónaraðilar	Flatarmál (km ²)	Hlutfall af öllum birkiskógi (%)
Landgræðsla ríkisins	4	0.3
Skógrækt ríkisins	84	7.0
Umhverfisstofnun	69	5.7
Þingvallanefnd	48	4.0
Alls	205	17.0%

1. Tafla: Hlutfall birkiskóga í umsjón ríkisins



1. mynd. Útbreiðsla birkiskóga og birkikjarrs um 1990, samkvæmt gögnum úr verkefni Íslensk skógarúttekt hjá Skógrækt ríkisins (öll lit-uð þekja). Hlutfall þeirra skóga sem eru í eign eða umsjón Skógræktar ríkisins (rautt), Landgræðslu ríkisins (svart), Þingvallanefndar (tví-litt) eða Umhverfisstofnunar (gult) byggist á gögnum frá stofnununum sjálfum og Fasteignamatí ríkisins. Birkiskógar í umsjón annarra aðila eru sýndir með grænum lit. Kortið var unnið í Landbúnaðarháskóla Íslands.

IV Helstu ógnir sem steðja að íslenskum birkiskógum

Flatarmál birkiskóga nú á tímum er um 1200 km² en er talið hafa verið 25000–30000 km² við landnám. Útbreiðsla birkiskóga á Íslandi nú er því einungis um 5% af áætluðu flatarmáli þeirra við landnám. Helsta ástæða fyrir eyðingu birkiskóga er talin vera nýting mannsins, þ.e. viðarhögg til kolagerðar og eldiviðar, sviðningur og búfjarbeit. Uppblástur í kjölfar ofnýtingar, óhagstæðar veðurfarsbreytingar og náttúruhamfarir hafa síðan magnað afleiðingarnar.

Með fækkun búfjár á árunum fram til 1990 og aukinni friðun lands má víða sjá þess dæmi að birki hefur tekið við sér á ný. Birkiskógar á Íslandi hafa alltaf verið nýttir og gera má ráð fyrir að svo verði áfram. Nýtingin verður hins vegar að vera sjálfbær þannig að tryggt sé að skógarnir hafi möguleika til að endurnýja sig og breiðast út.

Röskun og varanleg eyðing birkiskóga

Þegar fjallað er um þær ógnir, sem steðja að íslenskum birkiskógum, er rétt að gera greinarmun á raski og varanlegri eyðingu. Í mörgum tilvikum getur rask verið afturkræft en varanlegt rask eða eyðing teljast helstu ógnir við birkiskóga hér á landi.

Rask getur haft alvarleg áhrif á vistkerfi birkiskóga og verið ógn við virkni þeirra og ásýnd. Birkiskógar eru yfirleitt fljótir að ná sér eftir náttúrulegt rask, s.s. skordýraplágur eða snjóbrott ef ekki eru aðrir raskþættir að auki svo sem mikil beit. Frístundabyggð og ræktun stórvaxins trjágróðurs eru dæmi um athafnir sem geta raskað ásýnd birkiskóga. Einnig getur búfjarbeit raskað tegundasamsetningu birkiskóganna án þess að valda varanlegri eyðingu þeirra. Rask af völdum gróðursetningar hávaxinna trjátegunda eða beitar er hins vegar afturkræft ef vilji er fyrir hendi.

Framkvæmdir eins og vegagerð eða byggð, beit sem hindrar endurnýjun skóga, skipulögð gjörfelling og breytt landnýting í kjölfarið valda varanlegri eyðingu birkiskóga. Auk framkvæmda er vert að hafa í huga að um 80% birkiskóga landsins er enn beitt. Mikilvægt er að stjórnvöld afli frekari upplýsinga um umfang þessara ógna þannig að unnt verði að koma í veg fyrir frekari varanlega eyðingu birkiskóga.

Nefndin hefur dregið saman helstu ógnir sem taldar eru steðja að íslenskum birkiskógum. Þær eru helstar:

Mannvirkjagerð

Birkiskógum er raskað eða eytt vegna framkvæmda og má í því tilliti t.d. nefna ruðning birkiskóga vegna vegagerðar, stækkunar þéttbýlis og frístundabyggðar. Frístundabyggð getur hins vegar óbeint stuðlað að vernd birkiskóga vegna þess að skóglendi í frístundabyggð eru nær alltaf friðuð fyrir búfjarbeit og er oft um stór svæði að ræða. Jafnframt vilja eigendur frístundabyggða oft stuðla að vernd skóglendis vegna fegurðar, landslags og skjóls.

Álag á birkiskóga í og við þéttbýli er töluvert, t.d. í nágrenni höfuðborgarsvæðisins þar sem vaxandi íbúðabyggð leggur undir sig æ meira land. Nauðsynlegt er að landeigendur og sveitarfélög axli ábyrgð í þessum efnum og stuðli eftir fremsta megni að vernd birkiskóga. Skipulagsáætlanir eru öflugasta stjórnþæki sveitarfélaga í þessu tilliti. Á skipulagsstigi er hægt að gera ráð fyrir vernd og endurheimt birkiskóga, t.d. á útivistarsvæðum og á landi ofan byggða. Sveitarfélög ættu einnig að setja sér markmið um vernd líffræðilegrar fjölbreytni hvert á sínum stað og leggja þannig sitt af mörkum til alþjóðlegs markmiðs um að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni fyrir árið 2010. Vernd íslenskra birkiskóga og líffræðilegrar fjölbreytni birkiskóga er verðugt verkefni í viðleitninni við að ná því takmarki.

Ræktun

Frá 1950 til 1990 voru innfluttar tegundir gróðursettar í tæplega 1000 ha birkiskóga landsins (um 1% þeirra). Í sumum tilvikum var um að ræða birkiskóga með mikið verndargildi. Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Íslands og Landshlutabundin skógræktarverkefni hafa mótað stefnu um að ekki verði

framar gróðursettar innfluttar trjátegundir í náttúrulega birkiskóga. Því heyrir það fortíðinni til að erlendar trjátegundir séu gróðursettar í birkiskógum á vegum þessara aðila. Ekki er vitað til þess að innfluttar trjátegundir hafi hingað til reynst ágengar innan birkiskóga þótt nokkrar þeirra hafi sáð sér í skógarjaðra. Þar eð skógrækt er enn ung á Íslandi er erfitt að meta hvað verður þegar fram líða stundir.

Til lengri tíma litið getur gróðursetning innfluttra plöntutegunda, t.d. við frístundabyggð einnig haft í för með sér neikvæð áhrif á birkiskóga. Þetta er hins vegar óljósara því veruleg fjölgun frístundabyggða hefur einkum orðið á allra síðustu árum og því ekki komin reynsla á hvaða afleiðingar hún mun hafa á birkiskóga. Til dæmis er erfitt að segja fyrir um hvaða innfluttar tegundir, ef einhverjar, muni reynast ágengar í birkiskógum og því ástæða til að hafa varúðarsjónarmið að leiðarljósi. Reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, sem sett var árið 2000, er ætlað að hafa áhrif á notkun innfluttra tegunda í skógrækt ef í ljós kemur að þær reynast ágengar.



Búfjárbeit

Umfangsmesta landnýtingin, sem hefur áhrif á útbreiðslu birkiskóga, er án efa búfjárbeit sem getur hindrað endurnýjun og útbreiðslu skógana og komið í veg fyrir stækkun þeirra. Beitarálag minnkaði á tímabilinu 1975–1990 og einnig hefur beitarfriðuðum svæðum fjölgað. Þetta hefur án efa haft góð áhrif á útbreiðslu birkis síðustu árin en óvíst er hvernig þróunin verður í framtíðinni. Almennt er sumararbeit ekki bönnuð eða takmörkuð í birkiskógum nema tekna hafi verið sérstakar ákvarðanir um að vernda skógana og girða þá af. Birkiskógar á svæðum, sem eru friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum, njóta ekki endilega verndar gegn beit enda getur tilgangur friðlýsingar verið annar en sá að vernda birki sérstaklega. Nauðsynlegt er að bæta til muna skipulag beitar nú þegar í því skyni að auka útbreiðslu birkiskóga einkanlega ef sauðfé tekur að fjölga á ný.

Loftslagsbreytingar

Þar sem birki vex norðan og ofan barrskógarins í Skandinavíu hefur þess misskilnings stundum gætt að birki sé sérstaklega háð köldu loftslagi. Rannsóknir hafa þó sýnt að kjörhitastig birkis er hærra en margra annarra norrænna trjátegunda. Hins vegar getur birki tórt við lægri jarðvegshita en t.d. skógarfura og rauðgreni. Það gerir birkinu kleift að mynda samfellda skóga ofan og norðan við þessar hávaxnari tegundir þar sem náttúruleg útbreiðsla nær saman. Loftlagsbreytingar eru því ekki yfirvofandi ógn við útbreiðslu birkis á Íslandi miðað við spár til næstu 50–100 ára. Samkvæmt þessum spám er talið að loftslag fari hlýnandi hér á landi á þessari öld og að úrkoma muni aukast. Líklegt er að þessar breytingar muni koma birkinu til góða og auka útbreiðslu þess og vöxt.

V Tillögur ásamt greinargerð

Fyrir framtíð birkivistkerfisins á Íslandi telur nefndin mikilvægt að vernda birki-skóga sem fyrir eru og auka útbreiðslu þeirra. Þegar vernda skal birkiskóg ber að meta mikilvægi verndar út frá ólíkum þáttum, svo sem líffræðilegri fjölbreytni, stærð, nytjum, fegurð, útivistargildi eða samspili allra eða einhverra þessara þátta. Að mati nefndarinnar er þó mikilvægast fyrir framtíð birkiskógavistkerfisins að auka útbreiðslu birkis.

Endurheimt birkiskóga

Endurheimta má birkiskóga með því að tryggja að birkiskógar sem fyrir eru geti sáð sér og dafnað, t.d. með því að friða land og gróðursetja eða sá birki í skóg-laust land.

Nefndin leggur áherslu á að ekki megi líta svo á að endurheimt birkiskóga komi alltaf í stað náttúrulegra skóga og af þeim sökum sé ekkert því til fyrirstöðu að ryðja skóg. Við framkvæmdir ætti meginreglan að vera sú að hlífa birkiskógum við raski en sé annars ekki kostur skuli endurheimta birkiskóg í stað þess sem eytt er. Í 6. gr. laga nr. 3/1955 um skógrækt segir:

„Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.“

Þörf er á að móta ítarlegri leiðbeiningar um endurheimt birkiskóga vegna framkvæmda umfram það sem kemur fram í þessari grein.

Nefndin telur að líta beri til fjölmargra atriða þegar hugað er að endurheimt birkiskóga. Lögð verði áhersla á að endurheimta fjölbreytta birkiskóga af ýms-um ástæðum, m.a. í því skyni að endurheimta sem mesta líffræðilega fjölbreytni og einnig er æskilegt að endurheimta birkiskóga við fjölbreytt skilyrði. Þá er mikilvægt að rækta stórvaxna birkiskóga (valið erfðaefni á frjósömu landi) til að efla ímynd og gildi birkisins sem nytjatrés. Sérstök ástæða er til að hlúa að þessum þætti t.d. í tengslum við Landshlutabundin verkefni í skógrækt.

Tillögur:

Endurheimt birkiskóga – áhersla á stór, samfelld svæði.

Lagt er til að við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði. Líklegt er að það verði einkum stjórnvöld sem styðja slík verkefni og að markmið þeirra verði fyrst og fremst landgræðsluskógrækt. Mikilvægt er að almenningur, fyrirtæki eða félagasamtök taki þátt í slíkum verkefnum. Einnig er eðlilegt að stór verkefni feli í sér endurheimt birkis sem mótvægisáðgerð við framkvæmdir þar sem birkiskógi hefur verið eytt. Nefndin bendir á að til eru mörg svæði sem eru mjög vel til þess fallin að endurheimta birkiskóga. Í því tilliti má nefna víðáttumikil svæði umhverfis Heklu (Hekluskógaverkefnið). Þótt áhersla sé hér lögð á stór samfelld svæði við endurheimt ber ekki að draga úr mikilvægi endurheimtar á minni svæðum, t.d. á vegum einstaklinga.

Endurheimt birkiskóga, áhersla á fjölbreytni

Áhersla verði lögð á að endurheimta birkiskóga við mismunandi aðstæður, svo sem í misfrjósömu landi, misröku, í mismunandi hæð yfir sjávarmáli, í mismunandi fjarlægð frá sjó og í öllum landshlutum. Ræktun birkis við mismunandi aðstæður er meðal annars liður í því að viðhalda mismunandi stofnum



birkis sem eru lagaðir að ólíkum aðstæðum. Vinna má að þessu t.d. gegnum núverandi skógræktarverkefni, þ.e. Landshlutabundin verkefni í skógrækt og Landgræðsluskóga.



Beitarstýring verði aukin og taki mið af endurheimt og vernd birkiskóga.

Umfangsmesta landnýtingin, sem hefur áhrif á útbreiðslu birkiskóga, er án efa sauðfjárbeit sem hindrar endurnýjun skóganna. Birkiskógar breiðast nú einkum út innan svæða sem friðuð eru fyrir beit eða þar sem beitarálag er mjög lítið. Nefndin bendir á að beitarstýring er ein árangursríkasta leiðin til að auka útbreiðslu birkiskóga á Íslandi. Nefndin telur að nýta megi betur gildandi lög til beitarstýringar svo sem lög um búfjárhald, 39. grein laga um náttúruvernd og III. kafla laga um skógrækt.

Birki verði gróðursett í auknum mæli á skógræktarsvæðum þar sem áhersla hefur verið lögð á innfluttar tegundir, t.d í skógarjaðra, til viðarframleiðslu og annarra nytja.

Á þeim svæðum, sem ákveðið hefur verið að hefja nýskógrækt með innfluttum tegundum, er ákjósanlegt að nota birki meðal annars í jöðrum skóganna. Þannig skapast skilyrði fyrir margar lífverur sem þrífast í vistkerfi birkiskóga og birki getur

breiðst út á svæðinu. Talsverður markaður er hér á landi fyrir birki sem smíðavið og arinvið og því ástæða til að rækta birkiskóga til viðarnytja ekki síður en skóga annarra tegunda.

Vernd íslenskra birkiskóga

Gamlir íslenskir birkiskógar eru auðlind, sem fela í sér bæði náttúru og nýtingararfleifð sem ekki er annars staðar að finna. Nefndin leggur áherslu á að tilteknir skógar séu friðaðir, t.d. vegna lífríkis, fegurðar, landslags, útivistargildis eða alhliða vistþjónustu. Hafa ber í huga að í vernd birkiskóga felst einnig ákveðin tegund nýtingar. Mikilvægt er að stýra þeirri nýtingu með þeim hætti að skógurinn geti endurnýjað sig. Ekki er ávallt nauðsynlegt að friða skóga með lögum til mjög langs tíma. Hins vegar er mjög mikilvægt að sjá til þess að nytjar birkiskóga séu með þeim hætti að útbreiðsla þeirra aukist.

Tillögur:

Friðun birkiskóga í samræmi við verndartillögur í Náttúruverndaráætlun 2004–2008.

Lagt er til að haldið verði áfram að vinna að friðun birkiskóga í samræmi við verndartillögur í Náttúruverndaráætlun 2004–2008, sbr. Aðferðafræði, bls. 73–74/Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Auk þess leggur nefndin til að birkiskógar þeir, sem tilgreindir eru á fylgiskjali 1 (bls. 18) með skýrslu þessari og eru hvorki á Náttúruverndaráætlun né njóta verndar umfram það sem lög um skógrækt

kveða á um, verði verndaðir/friðlýstir. Nefndin telur þessa birkiskóga vera lykilsvæði þegar hugað er að vernd stórra samfelldra birkiskógavistkerfa og búsvæða ýmissa plantna og dýra sem þar þrífast í skjóli skóganna jafnframt því að vernda líffræðilega fjölbreytni birkis.

39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd verði beitt meira í því skyni að vernda og efla birkiskóga.

39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd veitir umhverfisráðherra heimild, í samráði við landbúnaðarráðherra, til að beita sér fyrir friðunar- og uppgræðsluaðgerðum. Í 1. tölulið greinarinnar er að finna eftirfarandi ákvæði: „Umhverfisráðherra getur í samráði við landbúnaðarráðherra ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir til að vernda skóga og önnur gróðursamfélög.“ Nefndin telur að ákvæðið geti nýst mjög vel til að vernda birkiskóga tímabundið, t.d. fyrir ofbeit og annarri nýtingu meðan verið er að efla skógarvöxt á tilteknum svæðum. Nefndin

leggur áherslu á að ofangreindu ákvæði verði beitt meira í því skyni að vernda og efla birkiskóga í samvinnu við Skógrækt ríkisins.

Leiðbeiningar vegna athafna sem hafa áhrif á birkiskóga

Nefndin telur mikilvægt að gerðar verði almennar leiðbeiningar um meðferð og endurheimt birkiskóga í því skyni að auðvelda skipulagsyfirlöðum og framkvæmdaaðilum að taka tillit til birkiskóga við vinnu sína. Leiðbeiningarnar þurfa að beinast bæði að því hvernig hægt er að laga ýmiss konar



framkvæmdir að skógi og einnig hvernig hægt er að nýta birkiskóg án þess að skerða hann varanlega. Í leiðbeiningunum skal fjalla um þætti sem snúa jafnt að vernd birkis sem hluta af landslagi sem og vernd vistkerfis birkiskóga.

Tillögur:

Gefnar verði út leiðbeiningar um hvernig forðast má eða draga úr röskun birkiskóga í tengslum við framkvæmdir.

Því er beint til Skipulagsstofnunar að hún gefi út leiðbeiningar um hvernig má vinna deiliskipulag fyrir svæði þar sem birkiskóga er að finna og hvers ber að taka tillit til. Brýnt er að slíkar leiðbeiningar beinist að landeigendum, sveitarfélögum (skipulagsyfirvöldum), verkfræðistofum, framkvæmdaaðilum, arkitektum, skipulagshöfundum og ýmsum leyfisveitendum. Nefndinni er kunnugt að unnið er að gerð slíkra leiðbeininga í samvinnu Skipulagsstofnunar og Skógræktar ríkisins. Mikilvægt er að Umhverfisstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga komi að þeirri vinnu sem umsagnaraðilar. Eðli málsins samkvæmt eiga slíkar leiðbeiningar að fela í sér tiltekin verndarviðmið, t.d. reglur um hve stórt svæði er leyfilegt að ryðja í tengslum við framkvæmdir (t.d. ákveðið hámarkshlutfall af svæði), hvernig almannaréttur er tryggður, takmarkanir á gróðursetningu innfluttra trjátegunda, fræðslu um gildi birkiskóga og leiðbeiningar um ræktun birkiskóga, t.d. þegar skógar eru endurheimtir vegna framkvæmda. Með ört vaxandi frístundabyggð í huga er mjög mikilvægt að leiðbeiningar um framangreint verði gerðar sem fyrst.




Fræðsla um gildi birkiskóga og leiðir til að endurheimta þá verði eflid.

Nefndin telur mikilvægt að fræðsla um birkiskóga verði eflid meðal almennings í því skyni að auka þekkingu fólks á gildi birkiskóga og mikilvægi þess að forðast að raska þeim eða eyða. Fræðslan ætti einnig að fela í sér almennar leiðbeiningar um vernd og endurheimt birkiskóga og mætti t.d. nýta styrk skógræktarfélaganna og náttúruverndarsamtaka til að kom þeim á framfæri. T.d. má sækja fyrirmyndir í leiðbeiningar um skógrækt í sátt við umhverfið sem bæði stofnanir og frjáls félagasamtök stóðu að og er að finna á slóðinni: www.skog.is/leidbeiningar.htm. Einnig gaf Landgræðsla ríkisins út leiðbeiningar um ræktun gulvíðis og loðvíðis á árinu 2006. Bæklinginn má finna á slóðinni: <http://www.land.is/landbunadur/wglgr.nsf/key2/fraedslufni.html>

Rannsóknir

Vísindaleg þekking á íslenskum birkiskógum er mismikil eftir því um hvaða þætti er að ræða. Landsúttektir á birkiskógum hafa skilað góðum upplýsingum um útbreiðslu skóganna og eiginleikum trjálagsins. Þá hafa verið gerðar allitarlegar rannsóknir á örfáum skóglendum á Austur- og Vesturlandi í samstarfi Landbúnaðarháskóla Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skógræktar ríkisins. Þær rannsóknir hafa sýnt að lífríki birkiskóga á þessum svæðum er mjög fjölbreytt en jafnframt ólíkt. Upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni í flestum birkiskógum landsins eru hins vegar takmarkaðar vegna skorts á rannsóknum. Þetta hamlar því að hægt sé að meta verndargildi þeirra á fullnægjandi hátt. Þá er mikilvægt að efla rannsóknir á vistþjónustu birkiskóga, t.d. hvað varðar kolefnisbindingu, vatnsbúskap, hringrás næringarefna og framleiðni og hvaða áhrif rask hefur á þessa þætti. Slíkar rannsóknir myndu auðvelda til muna að meta áhrif framkvæmda og annars rasks á skógana og segja fyrir um áhrif verndar og endurheimtar á vistþjónustu þeirra. Einnig myndu þær auka skilning almennings og sérfræðinga á gildi skóganna. Loks ber að nefna að ekki hafa verið gerðar rannsóknir á hagrænu og félagslegu gildi birkiskóga á Íslandi.



Tillaga:

Rannsóknir á íslenskum birkiskógum verði efladar.

Mikilvægt er að stjórnvöld og aðrir, er láta sig varða vernd og og endurheimt íslenskra birkiskóga, styðji við auknar rannsóknir og auki samvinnu sín í milli ekki síst með það fyrir augum að auka þekk-

ingu á líffræðilegri fjölbreytni og vistþjónustu birkiskóga svo sem kolefnisbindingu og vatnsmiðlun. Niðurstöður slíkra rannsókna eru nauðsynlegar forsendur fyrir fræðslu og góðri umgengni um birkiskóga svo og við gerð leiðbeininga um endurheimt þeirra, vernd og sjálfbæra nýtingu.

Lög og opinber stefnumótun

Með lagasetningu og annarri opinberri stefnumótun bæði ríkis og sveitarfélaga er hægt að hafa mikil áhrif á vernd og endurheimt birkiskóga í framtíðinni. Nefndin ræddi ýmsar leiðir sem velja má í þessu skyni og leggur fram nokkrar tillögur varðandi lög og opinbera stefnumótun stjórnvalda.

Tillögur:

Sett verði opinbert markmið um þekju birkiskóga.

Nefndin leggur til að sett verði opinbert markmið um að birkiskógar verði endurheimtir þannig að þeir þeki í framtíðinni a.m.k.10% af flatarmáli Íslands.

Landsáætlun um skógrækt.

Landsáætlun um skógrækt, sem landbúnaðarráðherra setur, verði nýtt til að stuðla sérstaklega að vernd og endurheimt birkiskóga.

Sveitarfélög og opinberar stofnanir setji sér markmið um endurheimt/ræktun birkiskóga.

Lagt er til að stofnanir sem hafa umsjón með landi á vegum hins opinbera setji endurheimt/ræktun birkiskóga sem eitt meginmarkmiða í stefnu sinni.

- Skógrækt ríkisins noti meira birki við nýskógrækt.
- Landgræðsla ríkisins endurheimti birkiskóga í flestum umsjónarlöndum sínum.
- Umhverfisstofnun endurheimti birkiskóga í umsjónarlöndum sínum þar sem landgræðsla er stunduð í samræmi við verndarmarkmið viðkomandi svæðis.
- Sveitarfélög setji sér markmið um vernd og endurheimt birkiskóga.

Sett verði markmið um hlutfall birkiskóga í landshlutabundnum verkefnum í skógrækt.

Landshlutabundin skógræktarverkefni miða að því að 5% af láglendi neðan 400 metra hæðarlínu verði skógræktarsvæði. Nefndin leggur til að stjórnir landshlutaverkefnanna setji sér markmið um að auka til muna endurheimt birkiskóga innan þessa ramma.

Lög 3/1955 um skógrækt verði endurskoðuð í heild sinni ekki síst með tilliti til verndar og endurheimtar birkiskóga.

Gildandi lög um skógrækt eru frá árinu 1955 og telur nefndin tímabært að þau verði endurskoðuð í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur.

Styrkjakerfi til skógræktar feli í sér hvata til að vernda og endurheimta birkiskóga.

Nefndin leggur til að kannaðir verði möguleikar á að nýta styrkjakerfi í skógrækt til að hvetja sérstaklega til ræktunar og endurheimtar birkiskóga. Lagt er til að innan nügildandi styrkjakerfis svo sem Landshlutabundinna verkefna í skógrækt og Landgræðsluskóga verði hvatar sem gera fýsilegt fyrir landeigendur að vernda og endurheimta birkiskóg. Nefndin telur jafnvel ástæðu til að ganga lengra og styrkja skógrækt með innlendum trjátegundum með hærri framlögum en greidd eru fyrir ræktun með innfluttum tegundum. Slíkt þekkist víða erlendis svo sem í Skotlandi og Írlandi þar sem hagrænum stjórnækjum er m.a. beitt til að hvetja til ræktunar upprunalegra trjátegunda.

(Sjá nánar á eftirfarandi slóð á heimasíðu írsku landbúnaðar- og matvælaráðuneytisins:

http://mag.ie/index.jsp?file=forestry/nativewoodland_sept05/index.xml).

Slíkt fyrirkomulag samræmist einkar vel 8. grein samningsins um vernd líffræðilegrar fjölbreytni þar sem segir: „...endurbyggja og lagfæra spillt vistkerfi og stuðla að því að tegundir sem í hættu eru nái sér aftur á strik, meðal annars með þróun og framkvæmd áætlana og annarra stjórnunaraðferða.“

Tryggja þarf aðgengi að landfræðilegum gögnum um birkiskóga í eigu opinberra aðila þannig að auðvelt sé að nýta þau við skipulag landnýtingar.

Skógrækt ríkisins hefur kortlagt birkiskóga Íslands eins og þeir voru um 1990 og hefur veitt frjálsan aðgang að þeim landfræðilegu upplýsingum (e: public domain) til notkunar í öðru samhengi, t.d. við

skipulags- og stefnumótunarvinnu. Í vinnu nefndarinnar kom fram að opinberar stofnanir eiga mikið af öðrum áhugaverðum landfræðilegum gögnum. Stundum getur reynst erfitt og/eða kostnaðarsamt að nálgast þessar upplýsingar. Sem dæmi má nefna gögn Neyðarlínu um staðsetningu allra sumarhúsa í landinu. Með því að bera þessi gögn Neyðarlínu saman við þekju birkiskóga mætti með einföldum hætti sjá hvort frístundabyggð er farin að ganga mjög á birkiskógana eins og þeir voru um 1990. Mikilvægt er að ráðuneyti setji almennar verklagsreglur um að opinberum aðilum sé veittur ókeypis aðgangur að landfræðilegum gögnum í eigu opinberra stofnana.

Ákvæði um landsskipulag og landskipulagsstefna í fyrirbyggjandi frumvarpi til skipulagslaga verði nýtt til að vinna að vernd íslenskra birkiskóga.

Í frumvarpi um ný skipulagslög, sem hefur verið lagt fram til umsagnar, er fjallað um landsskipulag og landskipulagsstefnu. Verði frumvarpið að lögum telur nefndin að ákvæði í því um landsskipulag og landskipulagsstefnu gefi tilefni til að móta stefnu um vernd birkiskóga, svo sem innan ramma náttúruverndaráætlunar og landsáætlunar um skógrækt. Þær áætlanir falla að mati nefndarinnar undir almannahagsmuni og má í því tilliti m.a. vísa til almannaréttar og þeirrar almennu vistþjónustu sem birkiskógar veita t.d. hvað varðar jarðvegsvernd.

Félög og félagasamtök

Fjöldmörg félög og félagasamtök á Íslandi hafa skógrækt og náttúruvernd með einum eða öðrum hætti á stefnuskrá sinni og geta því lagt sitt af mörkum til að stuðla að vernd og endurheimt birkiskóga.

Nefndin beinir eftirfarandi tillögum til þeirra:

Landgræðsluskógaverkefnið setji sér skýr markmið um aukna endurheimt birkiskóga.

Innan Landgræðsluskógaverkefnisins hefur áhersla verið lögð á að nota sem mest birki. Hins vegar hefur ekki verið mörkuð skýr stefna um hvernig skuli nota það, t.d. hvað varðar blöndun með öðrum tegundum, val á landgerðum, þéttleika gróðursetningar eða umhirðu og grisjun. Því er ekki víst að gróðursetning birkis leiði alltaf til þess að úr verði birkiskógur.

Félög og félagasamtök sem stunda skógrækt og náttúruvernd leggi í starfi sínu áherslu á að vernda og endurheimta birkiskóga.

Hér er því beint til skógræktarféлага, náttúruverndarsamtaka og ýmissa féлага, sem stundum taka þátt í skógrækt eða uppgræðslu, svo sem Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, 4x4 klúbbsins, góðgerðarfélaga og fyrirtækja að leggja áherslu á vernd og endurheimt birkiskóga þar sem það á við.



VI Fylgiskjal I

Á listanum hér fyrir neðan eru íslensk skóglendi sem eru mikilvæg út frá náttúruverndarsjónarmiðum en ekki er að finna í náttúruverndaráætlun 2004–2008. Nefndin leggur til að þau verði tekin inn í næstu náttúruverndaráætlun.

1. Fagrahlíð í Skagafirði – síðustu leifar á stóru svæði.
2. Ljósstaðaskógur í Laxárdal – hávaxinn skógur.
3. Skógarleifar vestan í Sellandafjalli – síðustu leifar á stóru svæði.
4. Hlíðardalur í Mývatnssveit – óvenju samfelldur skógur í mikilli hæð.
5. Núpsstaðaskógur – hávaxinn skógur.
6. Hrífunes í Skaftártungu – samfelldur og víðáttumikill skógur.
7. Teigsskógur við Þorskaðfjörð – samfelldur skógur, kjarnasvæði.
8. Trostansfjörður inn af Arnarfirði – hávaxinn skógur.
9. Hraunteigur neðan Heklu – Land í umsýslu Landgræðslunnar en í einkaeigu. Skógurinn er mikil náttúruperla, botngróður hefur náð að færast nærri náttúrulegu horfi ólíkt því sem við á um flesta birkiskóga í nágrenninu svo sem Galtalæk o.fl.



